

Ed.

434. Frumvarp til laga

[178. mál]

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Veiðistjóri hefur, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks.

2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um svartbaksstofninn, leiðbeina mönnum við eyðingu hans, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarvörp gegn ágengni svartbaks.

3. gr.

Ráða skal sérstaka menn til eyðingar svartbaks, til lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Skulu menn þessir starfa undir stjórn veiðistjóra, og sér hann um ráðningu þeirra.

4. gr.

Hinir ráðnu veiðimenn skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum, sem bezt henta við eyðingu svartbaks. Eru hinum ráðnu mönnum leyfilegar eyðingaraðgerðir hvar sem er, svo sem í varpstöðvum svartbaksins og annarra fugla, við árósa, fiskvinnsluhús, sláturhús eða á öðrum stöðum, þar sem svartbakur heldur sig mikið.

5. gr.

Heimilt er veiðistjóra að fela áður nefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvörp, ef nauðsyn þykir.

6. gr.

Hinir ráðnu veiðimenn skulu fara eftir þeim fyrirmælum, sem sett hafa verið. Skal veiðistjóri fylgjast með, að þau séu haldin.

Veiðimönnum er skylt að halda skýrslur um störf sín og séu þær látnar fylgja reikningum.

7. gr.

Laun, bilakostnaður svo og nauðsynlegur áhaldakostnaður manna, sem ráðnir eru við svartbakseyðingu, skulu greidd úr ríkissjóði, sem ver til eins árs í senn vissri fjárupphæð til eyðingar svartbaks. Fjárupphæð þessi greiðist til Búnaðarfélags Íslands, er sér um greiðslu til veiðimanna samkvæmt reikningum staðfestum af veiðistjóra.

8. gr.

Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) rétt dræpur.

9. gr.

Jarðarábúendum og öðrum er óheimilt að varna því, að svartbaksveiðar fari fram, eða hindra starfsemi við eyðingu hans á nokkurn hátt, séu veiðarnar fram-

kvæmdar af til þess ráðnum mönnum samkvæmt lögum þessum, nema á vissum árstímum í námunda við æðarvörp, selalagnir eða á öðrum friðlýstum svæðum.

10. gr.

Óheimilar eru öðrum en veiðimönnum ráðnum samkv. 3. gr. svartbaksveiðar án vitundar og leyfis viðkomandi landeiganda eða umráðamanns. Skulu veiðimenn ávallt gera viðkomandi landeigendum aðvart um ferðir sínar, ef þess er nokkur kostur, og gæta fyllstu varúðar við veiðarnar. Þeim er stranglega bannað að skjóta aðrar fuglategundir á friðlýstum tíma. Einnig er svartbaksskyttum bannað að skjóta aðrar fuglategundir án leyfis landeiganda eða umráðamanns. Skylt er veiðimönnum að fjarlægja eða grafa niður öll hræ af þeim fuglum, sem þeir vinna og ná til.

11. gr.

Fyrir hvern unninn svartbak, ungan (grámáf) og fullorðinn fugl, á veiðimaður 20 krónur í verðlaun. Engin verðlaun skal greiða fyrir ófleygja svartbakunga. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi.

Veiðimenn skulu leggja fram hægri væng fuglsins til sönnunar því að hafa unnið hann. Skal sá, er gjald þetta greiðir, brenna vængina strax og greiðsla hefur farið fram.

12. gr.

Veiðimenn skulu gefa eiginhandarkvittun fyrir greidd verðlaun. Skulu kvittanir þessar staðfestar með undirskrift þess, er verðlaunin greiðir, og fylgja árlegu reikningsyfirliti til sýslusjóðs.

13. gr.

Um hver áramót skulu oddvitar (bæjarstjórar) senda veiðistjóra skýrslu yfir tölu fugla, sem þeir hafa greitt verðlaun fyrir á árinu.

14. gr.

Þau bæjar- og sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka, skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld, sem síðan eru látin ganga til sýslumanns, en hann endurgreiðir þá hluta sýslusjóðs,  $\frac{1}{6}$ , og annast innheimtu á hluta ríkissjóðs,  $\frac{2}{3}$ .

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um eyðingu svartbaks, nr. 66 1936, lög nr. 89 1941, lög nr. 104 1951 og lög nr. 14 1962.

Greinargerð.

Lög um eyðingu svartbaks, nr. 66 1936, nr. 89 1941, nr. 104 1951 og nr. 14 1962, hafa komið að litlu haldi og eru nú orðið a. m. k. áhrifalaus og dauður bókstafur. Ganga þau einkum út á, að greidd verði skotlaun fyrir skotna fugla, en svo lág þó, að þau hrökkva ekki fyrir skotfærakostnaði. Svartbakur (veiðibjalla) gerist nú sífellt umsvifameiri með ári hverju, sem líður, í æðarvörpum og öðru fuglalífi hér um allt land. Einnig er þess vert að geta, að rökstudd ástæða er til að halda, að hann geri mikinn usla í veiðiám og vötnum, einkum við árósa, og éti þar laxaseiði og smásilung í stórum stíl. Hin síðustu ár er fjöldi svartbaks hér á landi orðinn svo mikill, að öll jafnvægislögmál, að því er fuglalíf varðar, eru komin úr skorðum. Einkum er það æðarfuglinn, sem verður fyrir barðinu á veiðibjöllunni, andarungar á vötnum og margar fleiri tegundir fugla. Allir, sem til

þekkja í æðarvörpum, vita, að vargur þessi leggst strax á egg æðarkollunnar og hún byrjar að verpa á vorin. Síðan situr hann fyrir ungunum, þegar þeir skriða úr hreiðri á árvatn eða sjó, og gleypir þá í hópatali, jafnvel 8—10 unga, sami fugl, á litilli stundu. Það mun sízt vera ofmælt, að svo til hver einasti æðarungi frá mörgum varpstöðvum lendi niðri í maga þessa gráðuga vágests. Auðvitað hefur svartbakur alla daga haft þessa náttúru, að éta egg og gleypa unga, og þess vegna hafa varpeigendur jafnan lagt hina mestu stund á að eyða honum til að verja á þann veg varplöndin. Fé hefur verið lagt til höfuðs honum, egg hans tekin eftir föngum og ungum hans eytt. Nú hina síðustu áratugi hefur sú sókn orðið vægari vegna breyttra búháttá og breytinga á búsetu. Af þeim ástæðum m. a. hefur svartbaknum fjölgað ört, og flest bendir til, að ýmislegt annað hafi einnig komið til. En hvernig sem á fjölguninni stendur, er það staðreynd, að svartbaksmörgðin er orðin svo mikil, að telja verður hreina plágu. Er það mál allra æðarvarpsbænda, að óumflýjanlegt sé að hefja sókn gegn þeirri offjölgun veiðibjöllunnar, ella muni æðarvörp svo að segja þurrkast út á næstu árum. Þess er og vert að geta, að hún er einnig mjög mikill skaðvaldur í laxveiðiám og silungsvötnum. Fjölgun svartbaks og um leið vaxandi tjón af völdum hans eru svo alþekkt sannindi, að óþarfi er um það að eyða fleiri orðum.

En þá er hin hliðin á málinu: Hvernig verður vargfugli þessum fækkað, svo að verulegu gagni komi?

Skotmannaverðlaun hafa litla þýðingu í því formi, sem verið hefur. Til þess eru verðlaunin allt of lág, og auk þess er sú aðferð allt of seinvirk. Aðrar leiðir verður að reyna að fara, ef von á að vera um viðunandi árangur. Og hví skyldi ekki vera unnt að ráða niðurlögum svo margra svartbaka, að eftir verði stofn, sem sé í hæfilegu samræmi við aðrar fuglategundir? Veiðitækni vex látlaust, og nýjar aðferðir þoka eldri aðferðum um set á öllum sviðum.

Búnaðarþing hefur haft þetta mál til meðferðar. Fjöldi blaðagreina hefur birt um þær óviðunandi búsisfjar, sem varpbændur hafa orðið fyrir af völdum veiðibjöllunnar. Hver maður, sem umgengst æðarfugl og andir í varplöndum eða horfir á unghópana, sem þessi gráðugi vargur gleypir á fyrsta, öðrum eða þriðja sólarhring, segir sem svo: Hér er um svo stórfellt ungradráp að ræða, að grípa verður til nýrra ráða og fækka þessum fugli, svo að um munar. Um þetta biður hver einasti varpbóndi og ég held hver maður, sem einhvern tíma hefur stigið fæti í æðarvarp. Æðardúnn er mjög verðmæt vara, en fer minnkandi, svo sem að líkindum lætur. Ef æðarvörpum er sómi sýndur og unnt reynist að halda höfuðvötni æðarfuglsins í hæfilegum skefjum, gætu tekjur af æðardúni stórauðkizt ár frá ári, að ekki sé talað um fegurð náttúrunnar í friðsælu æðarvarpi.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að reyndar verði nýjar leiðir til að fá svartbaknum fækkað, svo að um muni: Að fela veiðistjóra, þ. e. sama manni og annast og hefur umsjón með eyðingu refa og minka, einnig svartbaksdráp. Sú tilhögun, að einn maður hefði umsjón með minka- og refaveiðum, var upp tekin fyrir nokkrum árum og hefur gefizt vel, sjá lög um eyðingu refa og minka. Þessum meindýrum hefur fækkað, síðan þau lög gengu í gildi, og veiðistjórinn er ötull í starfi.

Í fylgiskjali, sem prentað er með frumv., gerir Sveinn Einarsson veiðistjóri nokkra grein fyrir aðferðum, sem nota má við svartbaksveiðar og eru tiltölulega aðgengilegar, eftir því sem um er að gera. Fleira getur til greina komið. En tekið skal fram, að stryknineitrun kemur ekki til greina að álitu flutningsmanna frumvarpsins.

Frumv. er samið af Búnaðarfélagi Íslands. Ýmis ákvæði þess þarf að endurskoða og einhverju við að auka. Má þar einkum nefna ákvæði um meðferð á fiskúrgangi, svo sem slógi, sem fleygt er, einnig ýmiss konar úrgangi frá sláturhúsum o. fl. En flutningsmenn vænta þess, að frumv. verði vandlega skoðað í þingnefnd og endurbætt þar, eftir því sem ástæða þykir til.

## Fylgiskjal.

Búnaðarþing 1964 fól mér undirrituðum að gera tillögur um eyðingu svartbaks, og vil ég hér á eftir gera grein fyrir álitinu mínu varðandi það mál.

Hin gífurlega fjölgun svartbaks og það tjón, sem hann veldur, einkum þó í æðarvarpi, sýnir ljóslega, að full þörf er gagngerðra ráðstafana af hálfu hins opinbera til þess fyrst og fremst að vernda æðarstofninn, og virðist ekki síður ástæða til lagasetningar til verndunar hans heldur en arnarins.

### Um fjölgun svartbaks.

Eins og ég hef áður skýrt frá, er ein aðalástæðan fyrir hinni gífurlegu fjölgun svartbaks, sem átt hefur sér stað hér á landi nú um alllangt árabil, gnægð ætis, sem hreinlega er hent fyrir hann og annan vargfugl. Vil ég þar fyrst nefna alls konar fiskúrgang frá fiskvinnslustöðvum og aðgerðarplássum. Þá er einnig full þörf að minnast á sláturhúsin, sem fleygja úrgangi í tonnatali fyrir svartbak og aðra varga í sjó og vatnsföll. Það er algeng sjón að sjá alls konar líffæri úr búfé í hrönnum á bökkum vatnsfalla og einnig dreifð út um móa og mela. Fyrir utan þann óþrifnað, sem þetta veldur, er þetta forðabúr fyrir alls konar illfygli og rottur og hlýtur einnig að auka á smithættu hinna mörgu sjúkdóma, sem herja á búfénað landsmanna.

Meðan þetta fyrirkomulag er látið afskiptalaust og haldið verður áfram að ala svartbak á ýmiss konar „góðgæti“, verður eyðing hans margfalt erfiðari viðfangs. Það er því að mínu álitu fyllilega tímabært að setja ströng lagaákvæði um að brenna eða grafa niður hvers konar úrgang, sem fleygt er frá áðurnefndum stöðum.

### Tjón.

Tjón af völdum svartbaks er mikið og margvíslegt, þó að það sé tilfínnanlegast í æðarvarpi, eins og alkunnugt er. Ég hef rætt við allmarga varpbændur um þessi mál, og ber þeim öllum saman um, að mestur hluti æðarunga lendi í kjafri svartbaksins fyrstu dagana eftir að æðurin leiðir út, og fullyrða sumir, að allt upp í 90% unganna farist á þennan hátt.

Það er vitað, að svartbakurinn veldur sams konar tjóni á ýmsum öðrum fuglategundum, þó að athygli manna beinist mest að æðarfuglinum, þar sem hann er nytjafugl. Þá er kunnugt, að svartbakur getur verið hinn mesti skaðvaldur í laxi og silungi, og einnig er alkunnugt, hversu aðgangsharður hann getur verið við unglömb, en tjón það, sem hann veldur á þeim, er án efa miklu meira en margur hyggur.

### Eyðingaraðferðir.

Undanfarin ár hef ég nokkuð kynnt mér eyðingu svartbaks og þær aðferðir, sem líklegast eru til að fækka stofni hans í landinu. Að vísu eru í gildi lög um eyðingu svartbaks frá 1936, en þau lög hafa reynzt alveg gagnslaus og jafnvel verri en engin.

Að mínum dómi er langlíklegasta leiðin til fækkunar svartbaks, að sérstakir menn verði ráðnir til starfa í lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Menn þessir þurfa að vera vel útbúnir öllum tækjum og kunna að notfæra sér þau meðul, sem til greina koma við eyðingu hans og annarra varga.

Eyðingaraðgerðir framkvæma hinir ráðnu menn á þeim stöðum, þar sem mergð fuglanna er mest, og í varpstöðvum þeirra sjálfra, svo og að sjálfsögðu í varplöndum æðarfugls. og sé þá sérstök áherzla lögð á að verja þau fyrir ágengni hans og annarra varga.

Það gefur t. d. auga leið, að menn, sem fara um æðarvörp, jafnt á landi sem í eyjum, í því skyni að eyða svartbak, ættu einnig að eyða minkum, sem þar kynnu að leynast. Hrafnar eru líka mjög illa séðir í varplöndum.

Hér verður ekki farið út í að lýsa hverri eyðingaraðferð í einstökum atriðum, það yrði of langt mál.

Skotverðlaun fyrir unna svartbaka geta orðið til mikils gagns við eyðingu hans, en því aðeins, að þau séu það há, að eitthvað meira sé greitt en það, sem rétt nægir fyrir skotunum, þegar vel gengur. Verður því ekki séð, að verðlaunin á hvern fugl megi vera undir 20—25 krónum. Víst er, að með þetta háum verðlaunum verða margar skyttur til að leggja þessum málum lið og flýta með því móti fyrir eyðingu fuglanna.

#### **Kostnaður.**

Varðandi kostnað, sem af eyðingu svartbaks hlýzt, verður vandfundin önnur leið en sú, að ríkissjóður greiði hann að mestu.

Það er með öllu óhugsandi að ætla fámennum hreppsfélögum að bera mikinn kostnað í þessu skyni, enda kæmi hann oft mjög ójafnt niður á þau, þar sem eyðing svartbaks gæti verið á mjög takmörkuðu svæði, þannig að fá hreppsfélög bæru mestan kostnaðinn.

Tillaga mín í sambandi við kostnaðarhlið þessa máls verður því á þá leið, að ríkissjóður verji hálfri milljón króna til eyðingar svartbaks og miðist það framlag við eitt ár í senn. Fjárupphæð þessari yrði varið til að bera kostnað í sambandi við fastráðna menn og einnig til að greiða hluta ríkissjóðs í verðlaunum fyrir unna svartbaka.

Máli þessu til frekari skýringar læt ég hér með fylgja tillögur að lögum um eyðingu svartbaks.

Reykjavík, 13. nóvember 1964.

Sveinn Einarsson,  
veiðistjóri.